

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar 2025

- Í leikskólum í Garðabæ er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma barna, að lágmarki 20 tímar og að hámarki 40 tímar á viku.
- Gjald fyrir leikskólavist á mánuði verður innheimt miðað við dvalartíma á viku

Dvalartími á viku	Dvalargjöld	Dvalartími á viku	Dvalargjöld
20	15.690	30	23.535
21	16.474	31	24.320
22	17.259	32	25.104
23	18.043	33	25.889
24	18.828	34	26.673
25	19.612	35	27.458
26	20.397	36	28.242
27	21.181	37	32.478
28	21.965	38	37.350
29	22.750	39	39.591
		40	41.966

- Fæðisgjald fyrir hádegisverð og hressingu er kr. 10.340 á mánuði.
- Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum leikskóla samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennum dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi í leikskólum.
- Viðmiðunartekjur verði annars vegar fyrir einstaklinga/forsjáraðila og hins vegar fyrir sambúðarfólk. Afslátturinn verði miðaður við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur einstaklings eru allt að 856.000 kr. á mánuði en sambúðarfólks 1.049.000 kr. á mánuði. Sækja þarf um tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.
- Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Systkinaafsláttur reiknast út sjálfkrafa.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
5. desember 2024
Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.